

Tillaga Viðreisnar um kolefnisjöfnun reksturs sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkir að kolefnisjafna rekstur sveitarfélagsins ár hvert með greiðslu í Votlendissjóð til þess að undirstrika mikilvægi þess að draga úr losun koltvíoxíð.

Greinargerð

Núverandi kolefnisspor af rekstri sveitarfélagsins nemur um 650 tonnum af CO₂ ígildum. Hægt væri að kolefnisjafna reksturinn á hverju ári og taka ábyrgð á fyrri losun, t.d. með því að láta viðurkenndan aðila eins og Votlendissjóð endurheimta votlendi fyrir sömu upphæð. Endurheimt votlendis er skjótvirkasta loftslagsaðgerðin og hefur mikil jákvæð áhrif á vistkerfið.

Garðabær vinnur markvisst að því að draga úr losun frá starfsemi sveitarfélagsins en er í skuld við framtíðina vegna fyrri losunar. Því er kjörið tækifæri til að stíga fram fyrir skjöldu og kolefnisjafna síðustu 10 ár og verða fyrsta sveitarfélagið sem kolefnisjafnar sig.

1976 varð Garðabær að kaupstað og það væri metnaðarfullt að stefna að því á 50 ára afmælinu árið 2026 væri sveitarfélagið kolefnisjafnað frá upphafi.

Kostnaðurinn við þessa aðgerð miðað við verð Votlendissjóðs á hvert tonn er 2.000 krónur. Fyrir hvert ár væri áætlað verð í kring um 1.3 milljónir króna.

Sara Dögg Svanhildardóttir - bæjarfulltrúi Viðreisnar